

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 366/1993.

**Stefán Jón Sigurðsson**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

**Jóni Thorberg Jenssyni og**

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Líkamstjón. Örorkumat. Fyrning.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1993. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 1.818.203 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 24. september 1983 til 18. apríl 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal er viðbótarálitsgerð Atla Þórs Ólasonar læknis og nýr örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings. Stefndu hafa hins vegar lagt fram ljósrít kvíttunar áfrýjanda fyrir fullnaðarbótum frá 28. nóvember 1990 og ávísunar til hans, sem út gefin er af hinu stefnda félagi sama dag.

### I.

Í viðbótaráliti Atla Þórs Ólasonar læknis er vitnað til yfirlýsingar Ragnars Sigurðssonar læknis, sem um er getið í héraðsdómi, þess efnis, að áfrýjandi hafi verið hjá honum í meðhöndlun árlega 1984–1987. Vottorð þetta lá ekki fyrir, er Atli Þór vann upphaflega álitsgerð sína, og segir hann það gjörbreyta málavöxtum. Í viðbótarálitiinu segir meðal annars:

„Í dómi héraðsdóms er bent á að undirritaður hafi stutt álit Stefáns Bogasonar um tengsl bakóþæginda og slyss án þess að færa rök

fyrir því. Fallist er á að rök skorti, og verður því bætt úr því. Rökinn fyrir sambandi slyss og bakóþæginda voru þau, að Sverrir Bergmann taugalæknir og Þórir Ragnarsson taugaskurðlæknir álitu að samband gæti verið milli áverka og bakóþæginda. Þá hafði Stefán Bogason komist að sömu niðurstöðu. Auk þess virtist hafa komist á samkomulag milli slasaða og tryggingafélags um að viðurkenna þetta samband, þar sem ekki var gerður fyrirvari um það í uppgjöri, sem byggðist á örorkumati Stefáns Bogasonar þann 24. 10. 1990. Þessi ágreiningur, hafi hann þá yfirleitt verið til, var þar með leystur milli deiluaðila, og var því ekki beinlínis í verkahring undirritaðs að taka tillit til hans, enda ekki sérstaklega beðinn um það. . . . Þótt skrifleg skráning liggi ekki fyrir, er það á engan hátt sönnun fyrir því að slasaði hafi ekki haft bakverki. Með tilkomu hinna nýju upplýsinga, sérstaklega í læknisvottorði Ragnars Sigurðssonar, má líta svo á að nægjanlegar upplýsingar liggi fyrir um að bakóþægindi hafi verið til staðar allt frá slysi fram til dagsins í dag.“

Atli Þór vísar svo að lokum til þess, að hann telji stefndu hafa viðurkennt orsakasamband tjónsins og slyssins, og því hafi sitt hlutverk verið það eitt að ákvarða örorku.

## II.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að um skilyrði 78. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 3. gr. laga nr. 23/1972, fyrir því, að krafa áfrýjanda verði talin fyrnd, sé ekki að ræða.

Fram er komið, að Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gerðu upp við áfrýjanda 28. nóvember 1990 á grundvelli örorkumats Stefáns Bogasonar lækni um 25% örorku áfrýjanda. Samkomulag varð þó um að miða uppgjörið við 20% örorku, eftir að Jónas Hallgrímsson, trúnaðarlæknir félagsins, hafði skoðað áfrýjanda. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að niðurstaða Atla Þórs Ólasonar 21. janúar 1992 um frekari örorku hans byggist á álitsgerð Sverris Bergmanns læknis 14. október 1991. Fram er komið, að þegar áfrýjandi leitar fyrst til Sverris í júlí 1991, telur hann sig hafa gert upp við váttryggingafélagið á grundvelli lægri örorku og að ekki hafi verið tekið tillit til bakóþæginda. Þessi afstaða áfrýjanda var ekki á rökum reist. Síðara örorkumat Stefáns Bogasonar, sem var grundvöllur samkomulags aðilanna, byggðist á sömu áverkum og örorkumat Atla Þórs. Verður

ekki séð, að vottorð Ragnars Sigurðssonar breyti nokkru þar um. Fallast verður á það með héraðsdómi, að fyrri álitserð Atla Þórs sé annmörkum háð. Hann telur tímabundna örorku 100% í tvo mánuði án rökstuðnings, en fram er komið, að áfrýjandi var aðeins frá vinnu í fimm daga. Þá verður ekki af álitserðinni ráðið, hverjar nýjar afleiðingar slyssins hafi komið fram, frá því er áfrýjandi gerði samkomulag við váttryggingafélagið. Áfrýjandi hefur því ekki sýnt fram á, að afleiðingar slyssins hafi í verulegum atriðum orðið alvarlegri en gera mátti ráð fyrir, þá er hann samdi um fullnaðarbætur við félagið. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og sýkna stefndu af öllum kröfum áfrýjanda.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stefán Jón Sigurðsson, greiði stefndu, Jóni Thorberg Jenssyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1993.

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 21. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Stefáni Jóni Sigurðssyni, Kötlufellu 9, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 30. júní 1992, á hendur Jóni Thorberg Jenssyni, Túngötu 19, Grindavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda er þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum 1.818.203 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda Jóns eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans skv. texta lögmannafélagsins.

#### II.

##### *Málsástæður stefnanda.*

Stefnandi kveðst hafa verið að störfum við akstur á leigubifreið sinni, R-8737, vestur Laugaveg á gatnamótum Laugavegar og Snorrabrautar í

Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 24. september 1983, er bifreiðinni Ö-7907, sem ekið var norður Snorrabraut, hafi verið ekið inn í hlið bifreiðar stefnanda. Ökumaður bifreiðarinnar Ö-7907 hafi ekki virt biðskyldu á gatnamótunum. Ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Ö-7907 hafi verið Almennar tryggingar hf. Hafi stefnandi við áreksturinn fengið mikið högg á öxl og herðar og farið á slysadeild Borgarspítalans daginn eftir áreksturinn. Hafi stefnandi átt í meiðslum sínum árum saman án þess að gera reka að bótakröfu vegna þess. Hafi hann stöðugt verið til meðferðar hjá læknum vegna slyssins um árabil, aðallega vegna verkja í hálsi, baki og hægri öxl.

Samkvæmt örorkumati, dags. 24. apríl 1989, hafi varanleg örorka hans verið metin 10%. Á grundvelli þess örorkumats hafi þáverandi lögmaður stefnanda gert samkomulag um bótauppgjör f. h. stefnanda við Sjóvá-Almennar tryggingar hf., sem tekið höfðu við skuldbindingum Almennra trygginga hf. Í nóvember 1990 hafi stefnandi síðan fengið málið endurupptekið með aðstoð lögmanns síns. Enn að nýju hafi verið fengið örorkumat hjá lækni, og hafi stefnanda verið metin 25% varanleg örorka skv. mati, dags. 24. október 1990. Hafi lögmaður stefnanda gengið frá bóta-samningi við stefnda Sjóvá-Almennar tryggingar hf. á grundvelli þess örorkumats. Hafi orðið að samkomulagi við uppgjörrið að miða við 20% varanlega örorku stefnanda. Stefnandi hafi enn kennt aukinna óþæginda, og á miðju ári 1991 hafi hann leitað til Sverris Bergmanns læknis. Hafi Sverrir ritað greinargerð og komist að þeirri niðurstöðu, að varanleg örorka stefnanda væri enn meiri en fyrra örorkumat bæri með sér. Hafi því enn að nýju verið óskað eftir örorkumati læknis. Þriðja og síðasta örorkumat stefnanda sé dagsett 21. janúar 1992. Sé niðurstaða þess, að varanleg örorka stefnanda sé 30%. Þrátt fyrir örorkumat þetta hafi stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafnað frekari bótagreiðslum.

Afleiðingar meiðslanna, sem stefnandi varð fyrir vegna slyssins, séu þær, að hann hafi liðið miklar þjáningar, bæði líkamlegar og andlegar. Stefnandi hafi um langt skeið haft mikla verki í hálsi, herðum, baki og fótum.

Samkvæmt áður nefndri örorkumatsgerð sé örorka stefnanda metin 100% í tvo mánuði og síðan 30% varanlega.

Stefndi Jón Thorberg Jenson hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar Ö-7907, og styðjist ábyrgð hans við 69. gr., sbr. 67. og 68. gr. eldri umferðarlaga nr. 40/1968. Almennar tryggingar hf. hafi verið ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar Y-4743, en stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi tekið við skyldum þess félags. Bifreiðin hafi verið ábyrgðartryggð skv. 70. gr. l. nr. 40/1968, og sé Sjóvá-Almennum tryggingum hf. stefnt skv. l. mgr. 74. gr. laganna. Krafa um, að stefndu beri óskipt ábyrgð á greiðslu stefnukröfunnar

og málskostnaðar er reist á almennum reglum kröfuréttar um óskipta ábyrgð.

Stefnukrafan er samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings og miðuð við tekjur stefnanda skv. skattframtölum. Slys-dagsverðmæti þeirra greiðslna, sem stefnandi hafi fengið vegna slyssins, séu dregnar frá dómkröfu stefnanda.

1. Dómkrafa stefnanda sundurliðast þannig:

Örorkutjón:			
Tímabundin örorka	kr.	30.000	
Varanleg örorka	-	2.161.300	
Frá dregst slysdagsverðmæti innborgana	-	902.897	kr. 1.288.403
2. Töpuð lífeyrisréttindi	-	129.700	
3. Miski	-	400.000	
	Samtals	<u>kr. 1.818.103</u>	

Kröfurnar vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku séu reistar á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 13. mars 1992. Greiðslur frá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Tryggingastofnun ríkisins, dags. 30. 8. 1989, 30. 10. 1990, 14. 11. 1990 og 28. 11. 1990, séu dregnar frá kröfunni miðuð við slysdagsverðmæti greiðslnanna. Að öðru leyti sé útreikningurinn miðuður við tekjur vegna skv. skattframtölum (sic í grg. stefnanda). Tekjur þessar séu svo lágar, að ekki séu efni til frádráttar vegna skattfrelsis bótanna.

Gerð sé krafa um miskabætur, að fjárhæð 400.000 kr. Vísast um þá kröfu til l. mgr. 264. gr. l. nr. 19/1940. Stefnandi hafi liðið miklar þjáningar, bæði andlegar og líkamlegar, eftir slysið. Langvinn þrautasaga stefnanda lýsi sér best í skjölum málsins. Verði miskabótakrafan því að teljast hófleg.

Gerð sé krafa um vexti frá slysdegi 24. september 1983 til jafns við þá vexti, sem Jón Erlingur Þorláksson noti í útreikningi sínum á dskj. nr. 23. Vísist um þetta til 7. gr. l. nr. 25/1987, sbr. 2. gr. l. nr. 67/1988. Upphafstími dráttarvaxta sé ákveðinn í samræmi við reglu 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þannig sé þeirra krafist frá 18. apríl 1992, en skv. dskj. nr. 24 hafi þær upplýsingar, sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, verið sendar stefnda 18. mars 1992.

Krafa um málskostnað sé reist á XII. kafla l. nr. 85/1936, einkum 177. gr. Krafa um dráttarvexti á málskostnað sé studd 175. gr. s. l. Kröfur um, að áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, séu skv. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Stefnandi hafi fengið gjafsóknarleyfi 16. desember 1991, sbr. dskj. nr. 18. Sé þess krafist, að við ákvörðun gjafsóknarlaunanna og málskostnaðar úr

hendi stefndu verði miðað við gjaldskrá LMFÍ og reikninga vegna útlagðs kostnaðar á dskj. nr. 26.

#### *Málsástæður stefndu.*

Af hálfu stefndu er sök vegna slyss stefnanda viðurkennd.

Sýknukröfu sína styðja stefndu því í fyrsta lagi, að bótakröfur séu fyrndar.

Samkvæmt ákvæðum 78. gr. l. nr. 40/1968, sem séu samhljóða 99. gr. núgildandi umferðarlaga, fynnist allar bótakröfur vegna bifreiðarslyss, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð beri, og váttryggingafélagi, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

Stefnandi hafi slasast 24. september 1983. Í örorkumati Stefáns Bogasonar, dags. 24. apríl 1989, sé rakið orðrétt læknisvottorð frá Leifi Jónssyni, sem hann gefi 15. mars 1989. Þar geti læknirinn þess, að stefnandi hafi ekki sótt til slysadeildar fyrr en daginn eftir, að hann meiddist, og þar hafi ekki fundist önnur einkenni um meiðslu en þroti í „musculus trapezius“ vinstra megin svo og eymsli yfir „palpation“ um öxlina og í hnakkavöðvum. Önnur áverkamerki hafi ekki fundist. Sjúklingurinn hafi fengið hálskraga og verið stefnt til endurmats fimm dögum seinna. Hann hafi komið aftur á slysadeild 29. september, þ. e. fjórum dögum eftir slysið, og tekið af sér hálskragann nokkrum dögum áður. Samkvæmt þessu sama vottorði líði og bíði og ekkert heyrir frá sjúklingnum fyrr en 23. febrúar 1989, er hann komi aftur vegna sömu meiðsla. Þá sé líðið um 6½ ár frá slysdegi. Þá skrái læknirinn, bls. 3 á dskj. nr. 4, að sjúklingurinn hafi aldrei verið skráður óvinnufær, þótt hann telji sig hafa verið tilneyddan að sleppa úr degi og degi vegna óþæginda frá baki, herðum og öxlum. Læknis hafi hann ekki leitað fyrr en á þessum vetri.

Á grunni þessa læknisvottorðs og eigin rannsóknar hafi Stefán Bogason tryggingalæknir metið slasaða 10% varanlegan öryrkja 24. apríl 1989, og geti þess á bls. 5 á dskj. nr. 4, að þar sem hinn slasaði hafi ekki leitað til læknis að neinu ráði, frá því að hann kom á slysadeild 29. 9. 1983, þar til hann komi aftur þangað 23. 2. 1989, verði að telja líklegt, að einkenni þau, sem hann hafi þá, eigi rætur að rekja til slyssins, enda ekki vitað til, að hann hafi orðið fyrir neinum öðrum skakkaföllum.

Það megi því ljóst vera, að stefnandi hafi getað orðið fyrir ýmsum skakkaföllum á þessu langa tímabili, sem valdi þeim þrautum, er stefnandi kvartí um. Ógerningur sé fyrir stefndu að færa rök eða sannanir fyrir einstökum óhappatilvikum, sem alla geti hent á svo löngum tíma og full ástæða sé til að ætla, að hendi menn, sem lýsi yfir því, sbr. dskj. nr. 10, að

þeir hafi verið alkóhólistar árum saman, og bæti því við, að líkamlegt ástand þeirra hafi stórum versnað, eftir að þeir hættu við áfengið. Þetta veiki mjög trúverðugleika stefnanda, ekki að ástæðulausu, eins og raunar komi fram í læknisvottorðunum á dskj. nr. 10, 14 og 19. Í síðastnefndu vottorði sjáist, að stefnandi hafi haft verki og bólgur víða í líkamanum allt frá árinu 1970, og jafnframt, að stefnandi hafi látið taka röntgenmyndir á árinu 1976, sjö árum fyrir slysið, sem sýnt hafi væga hryggскеkkju og slitbreytingar. Í þessu vottorði komi einnig fram, að margt bendi til þess, að stefnandi fari með hreinar ýkjur. Á dskj. nr. 21 komi beinum orðum fram, að ýmsar fullyrðingar stefnanda um komur á slysadeild og sjúkrahjálfun, sem stefnandi hafi sagt frá, séu trauðla sannleikanum samkvæmar.

Vafalaust séu ákvæðin um fjögurra ára fyrningu sett inn í lögin með hliðsjón af því, að menn geti ekki gert bótakröfur á hendur tjónvaldi allt að tíu árum síðar með því að vanrækja árum saman að afla vottorða fyrir meiðslum sínum og sýna fram á, að heilsubresturinn stafi af eðlilegum (vávænum) afleiðingum umferðarslyssins. Það sé aðeins í þeim tilvikum, er læknar telji ótímabært að meta örorku í allt að tíu ár, sem tíu ára fyrningarreglan gildi, sbr. Hrd. 1976, 14. bls. Í þessu tilfelli sé sérstaklega bent á Hrd. 1987, 1369, og Hrd. 1983, 451.

Stefndu vísa enn fremur til þess, að stefnandi hafi tvívegis samþykkt greiðslur frá tryggingafélaginu sem lokagreiðslur.

Jón Erlingur reikni út örorkuna skv. vottorði Stefáns Bogasonar. Útreikningur Jóns liggja frammi á dskj. nr. 6, dags. 21. ágúst 1989, og nemi heildarverðmæti vinnutekjutaps skv. honum 600.900 kr. á slysdegi. Félagið hafi síðan greitt umfram skyldu, þar sem krafan hafi verið fyrnd, 905.572 kr., og séu þar í reiknaðir vextir frá slysdegi, í nálega 6 ár. Á dóm skjali nr. 7 geti þáverandi lögmaður stefnanda þess, að það sé lokauppgjör skv. samkomulagi. Stefnandi hafi þó ekki látið staðar numið við þessa afgreiðslu, en haldi áfram að rella um auknar bætur. Hafi það leitt til þess, að Stefán Bogason tryggingalæknir mat á nýjan leik örorku stefnanda og nú 25% varanlega örorku, sbr. dskj. nr. 10. Enn hafi tryggingafélagið látið undan og greitt viðbót, sbr. dskj. nr. 11. Hafi stefnandi fallist á, að útreikningur miði við 20% örorku, og kvittað fyrir greiðslu sem fullnaðaruppgjör í samræmi við það. Hér hafi tryggingafélagið aftur greitt umfram skyldu, að sögn starfsmanna þess til þess að losna við eilíft kvabb þessa manns um bætur. Á dskj. nr. 16 sé bent á, að slasaði geri engan fyrirvara, þegar hann kvitti fyrir mótöku á heildartjóni.

Ekki hafi stefnandi látið staðar numið við þetta. Þegar honum hafi tekist að fá gjafsókn 16. desember 1991, fari hann í enn eitt örorkumat og nú hjá

Atla Þór Ólasyni, dskj. nr. 19. Atli hafi hækkað varanlegt örorkumat upp í 30% og tímabundna örorku 100% í tvo mánuði. Þó sé sannað og viðurkennt í málinu, að stefnandi var óvinnufær í innan við fimm daga.

Nýjum kröfum beini lögmaður stefnanda til váttryggingafélagsins á dskj. nr. 24, og sé þeirra synjað á dskj. nr. 25. Styðst sú synjun auk fyrningarviðbáru við það, að stefnandi hafi samið um, að 20% varanleg örorka yrði lögð til grundvallar bótunum og þær þegar greiddar.

Stefndu benda enn fremur á, að verði sýkna ekki reist á framangreindum málsástæðum, skipti 5% hækkun varanlegrar örorku engu máli um raunverulegt tekjutap stefnanda. Sé þar vísað til hinna nýju verklagsreglna tryggingafélaganna og fyrirhugaðra breytinga í fram komnu lagafrumvarpi um skaðabætur.

Stefndu mótmæla greiðslu vaxta. Vextir fyrnist sjálfstætt á fjórum árum frá slysdegi skv. 2. tl. 3. gr. I. nr. 14/1905.

Stefndu mótmæla tölulegum útreikningi stefnanda. Hann dragi að vísu frá heildarútreikningi tryggingastærðfræðings í greinargerð sinni 902.897 kr., sem séu slysdagsverðmæti innborgana, og fái út niðurstöðutöluna 1.288.503 kr. Síðan bæti hann við töpuðum lífeyrisréttindum, 129.700 kr., sem virðist byggð á 30% örorku. Mikill hluti þeirrar tölu, 2/3 hlutar, sé kominn inn í 20% örorkuna, sem honum hafi verið greidd að fullu. Sama gildi um kröfuna um 400.000 kr. í miska. Búið sé að bæta a. m. k. 2/3 hluta miskabóta áður. Auk þess sé miskinn allt of hátt reiknaður hér, jafnvel þótt miðað sé við 30% varanlega örorku.

Þá sé á það bent, að stefnandi geri engan frádrátt vegna skattfríðinda og eingreiðslu (39,85% + 10%).

### III.

#### *Niðurstaða.*

Samkvæmt 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru, þegar stefnandi slasaðist, fynast bótakröfur á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

Stefnandi slasaðist 24. september 1983. Ósannað er, að krafan hafi verið fyrnd, þegar örorkan var fyrst metin, 24. apríl 1989, þá 10%. Hinn 24. október 1990 var örorka stefnanda metin að nýju 25%, og 21. janúar 1992 var örorkan metin 30%. Ljóst er, að örorka stefnanda hefur samkvæmt fram lögðu örorkumati aukist, frá því að fyrsta örorkumat er dagsett. Verður því ekki á þá málsástæðu stefndu fallist, að stefnandi hafi átt þess kost að krefjast bóta vegna viðbótarörorkunnar, fyrir en hún var komin fram. Er því ekki fallist á sýknukröfu stefndu vegna fyrningar.

Ekki liggur fyrir í málinu fullnaðarkvittun frá stefnanda vegna bótauppgjörðs í október 1990, en samkvæmt bréfi lögmanns stefnanda á dskj. nr. 11 var þá samið um heildarbætur vegna viðbótarörorku, sem þá var fram komin. Eins og áður greinir, var örorka þá metin 25%, en samið var um bætur miðað við 20% örorku auk miskabóta og vaxta. Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að samið hafi verið um annað en heildarbætur fyrir það tjón, sem þegar var komið fram. Firrir uppgjör þetta stefnanda því ekki rétti til þess að krefja um bætur vegna afleiðinga slyssins, sem höfðu ekki komið fram þá og ekki þá fyrirsjáanlegt, að myndu koma fram.

Stefnandi reisir kröfur sínar á örorkumati Atla Þórs Ólasonar, sérfræðings í bæklunarlækningum, dags. 21. janúar 1992. Er örorka stefnanda þar metin 100% í tvo mánuði og síðan varanleg örorka 30%. Af hálfu stefndu hefur örorkumati þessu verið mótmælt.

Fyrir liggur í gögnum málsins, sbr. örorkumat, dags. 24. 4. 1989 og 24. 10. 1990, að tímabundin örorka stefnanda hafi verið 100% í fimm daga eftir slysið, en síðan ýmist 10 eða 25%. Hefur ekkert komið fram í síðasta örorkumati, sem hnekkir fyrra mati að þessu leyti. Þá var örorka stefnanda einungis 25%, þegar hann kom til skoðunar 19. 10. 1990, og hefur ekkert komið fram í hinu síðara vottorði, sem hnekkir því mati. Liggur ekki annað fyrir í málinu en að sú hækkun á örorkustigi stefnanda samkvæmt síðasta matinu hafi orðið, frá því að örorka stefnanda var metin 19. október 1990.

Í örorkumati Atla Þórs Ólasonar kemur fram, að tilefni stefnanda til endurmats örorkunnar er versnandi ástand stefnanda, aðallega í baki, og að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til mjóbaksáverkans í eldra örorkumati.

Samkvæmt örorkumatinu leiddi skoðun læknisins á stefnanda eftirfarandi í ljós:

„Göngulag og limaburður eðlilegur.

Í hálsi finnast eymsli í hálsvöðvum, einkum hægra megin, og lítillaga fyrir hrygg tindum. Þá eru eymsli í herðavöðvum, einkum hægra megin.

Hreyfingar í hálsliðum eru takmarkaðar í lok þeirra, einkum þó vangaveltur og snúningshreyfingar.

Á bol finnast eymsli yfir langvöðvum baksins, einkum hægra megin, svo og yfir brjóstakassa og síðu hægra megin.

Í mjóbaki voru eymsli neðst í mjóbakinu og yfir spjaldliðum. Hreyfingar mjóbaks voru eilítið skertar, sérstaklega fyrir framþyggi svo og afturþyggi. Taugaskoðun var eðlileg, en öklataugaviðbrögð voru ekki til staðar beggja megin.

Skoðun á stoðkerfi a. ö. l. var eðlileg.“

Við endurskoðun röntgenmynda segir læknirinn svo í örorkumatinu:

„Endurskoðun röntgenmynda hefur ekki leitt í ljós áverkamerki á hálsi, baki eða fótum. Slitbreytingar hafa sést í hálsliðum og vægar í mjóbakliðum. Aðrar sjúklegar hreyfingar hafa ekki greinst.“

Enn fremur segir svo í matsgerðinni:

„Sjúkdómsgreining:

1. Hálstognun (háð slysinu 24. 9. 1983).
2. Mjóbakstognun (háð slysinu 24. 9. 1983).
3. Slit í hálsliðum (óháð slysinu 24. 9. 1983).
4. Grunur um liðagigt (óháð slysinu 24. 9. 1983).
5. Misnotkun áfengis og lyfja (óháð slysinu 24. 9. 1983).“

Í kafla, sem kallast „samantekt og álit“ í matsgerðinni, segir svo m. a.:

„Í síðara örorkumati Stefáns Bogasonar frá október 1990 er tekið tillit til óþæginda frá hálsi, herðum og baki. Heildarörorka er metin 25%. Þar með virðist ekki vera fótur fyrir þeirri fullyrðingu slasaða, að óþægindi frá baki hafi ekki verið tekin til greina við örorkumat Stefáns. Á hinn bóginn er ekki fullljóst, að óþægindi frá mjóbaki eigi yfirleitt að taka með í matið. Ástæður fyrir því eru þær, að eiginlegur bakverkur kemur fyrst fram u. þ. b. 1½ ári eftir slysið og slasaði hafði ekki verið undir eftirliti lækna frá því fimm dögum eftir slysið þar til 1½ ári eftir það. Alveg er óljóst, hvernig liðan slasaða var á þessum tíma eða hvað hafi komið fyrir á þeim tíma. Slasaði upplýsir hins vegar, að hann hafi ekki orðið fyrir áverka á þessum tíma.

Á tímabilinu 1985 til 1989 liggja ekki fyrir neinar skriflegar upplýsingar um liðan slasaða eða lýsing á líkamsskoðun lækna. Hins vegar fullyrðir slasaði, að hann hafi verið undir umsjón Leifs Jónssonar á slysadeild Borgarspítalans, sem hafi gefið honum meðferð, eins og fyrr er nefnt. Ekki skal dregið í efa, að frásögn slasaða geti verið rétt.

Það, sem mælir með því, að bakverkinn megi tengja við fyrrnefnt slys, er eftirfarandi:

1. Slasaði segist hafa verið einkennalaus frá baki nema í stuttan tíma á árinu 1976, eftir að hann hafði tagnað við að lyfta fiskkassa. Hann var þá frá vinnu í tvo daga. Annars eru engin óþægindi önnur þekkt frá baki.
2. Óþægindi frá baki fara oft saman með óþægindum frá hálsi eftir áverka á hrygg. Til þess að slík óþægindi teljist með sannferandi hætti tengjast slysinu, þurfa þau að koma fram nokkrum vikum eftir slysið, vera staðfest af lækni og meðferð við þeim hafin. Þessu er hins vegar ekki til að dreifa hjá slasaða.

Þannig er ekki með sannferandi hætti hægt að sýna fram á örugg tengsl

bakóþæginda við fyrrnefnt bílslys. Þrátt fyrir þessar vangaveltur hefur Stefán Bogason í örorkumati sínu samþykkt þessi tengsl. Undirritaður mun taka undir þetta álit Stefáns.“

Í bréfi Leifs Jónssonar læknis, dags. 20. 2. 1992, til Stefáns Þórissonar lögfræðings kemur fram, að stefnandi hefur ekki gefið Atla Þór Ólasyni rétta upplýsingar um meðhöndlun þá, sem hann fékk eftir slysið, en ekki er fullljóst, hvort þær upplýsingar hafi ráðið einhverju um þá ákvörðun læknisins að samþykkja tengsl örorkunnar við slysið. Í niðurlagi bréfsins segir læknirinn svo:

„Í stuttu máli er hvorki hjá Tryggingastofnun ríkisins né á Borgarspítala til stafkrókur, sem segir, að sjúklingur hafi hér verið til eftirlits eða meðferðar á tímabilinu '83 til '89, ef undan er skilin áðurnefnd heimsókn vegna kjúklingabeins í hálsi árið '85. Ef sjúklingur staðhæfir áfram, að hann hafi verið til meðferðar hjá nuddara og sjúkraþjálfara, væri ekki úr vegi, að hann benti á þessa aðila, og væri þá ef til vill í gegnum þá hægt að komast nær sannleikanum. Sjálfum (sic í dskj. nr. 21) minnst ég þess ekki að hafa haft neitt með þennan sjúkling að gera á margáðurnefndu tímabili, enda ekki lagt í vana minn að stunda sjúklinga án bókunar.“

Hins vegar hefur verið lögð fram yfirlýsing frá Guðbjörgu E. Þorgeirsdóttur sjúkranuddara um, að stefnandi hafi komið til hennar í meðferð fyrst árið 1988 og síðan öðru hverju í reglulega meðferðartíma. Þá liggur fyrir yfirlýsing frá Ragnari Sigurðssyni lækni um, að stefnandi hafi verið hjá honum í „therapie“ árlega á tímabilinu 1984–1987.

Með hliðsjón af því, að Atli Þór Ólason læknir telur sig ekki geta með sannferandi hætti sýnt fram á örugg tengsl bakóþæginda stefnanda við fyrrgreint slys og færir ekki að því rök, hvers vegna hann tekur engu að síður undir álit Stefáns Bogasonar læknis, verður að telja ósannað gegn andmælum stefndu, að þau óþægindi stafi af slysinu og að hin síðast tilkomna viðbótarörorka stefnanda verði rakin til þess.

Samkvæmt framansögðu verður framangreint örorkumat Atla Þórs Ólasonar læknis ekki lagt til grundvallar örorkutjóni stefnanda vegna slyssins 24. 9. 1983, hvorki hvað varðar tímabundna né varanlega örorku. Með því að stefnandi hefur ekki á annan hátt sýnt fram á, að rekja megi viðbótarörorku hans til nefnds slyss, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi fékk gjafsókn í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. 12. 1991. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði og ákveðst 332.030 kr. Þar af renna 270.000 kr. til skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jón Thorberg Jenson, Túngötu 19, Grindavík, og Sjóvá-  
Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík, skulu vera sýknir  
af öllum kröfum stefnanda, Stefáns Jóns Sigurðssonar, Kötlufellu 9,  
Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 332.030 kr., greiðist úr ríkissjóði.  
Þar af renna 270.000 kr. til skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars  
Gunnlaugssonar hrl.

---